

Alþingi
Erindi nr. P 1201834
komudagur 2012 1996

Nefndadeild Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Kópavogi 19. febrúar 1996
12/96/PÞ/imv

Umsögn stjórnar LÍ um frumvarp til laga um tæknifrjóvgun


Að beiðni stjórnar LÍ kynnti stjórn Siðfræðiráðs LÍ sér sérstaklega ofangreint frumvarp og sendi félaginu niðurstöður sínar snemma á sl. ári. Stjórn LÍ hefur endurtekið fjallað um álit Siðfræðiráðs og auk þess kvatt til lækna með sérþekkingu á sviði siðfræði og tæknifrjóvgunar.

Á fundum stjórnar LÍ komu fram þau sjónarmið að nauðsynlegt geti verið að hægt sé að rekja uppruna einstaklinga í þeim tilgangi að rannsaka og koma í veg fyrir alvarlega sjúkdóma sem ættgengir eru og verða ekki upprættir nema með vitneskju um forfeður viðkomandi. Stjórn félagsins treystir Alþingi til að leysa úr þessum vanda, þannig að nafnleyndar sé gætt, en eigi að síður verði mögulegt með einhverjum hætti að framkvæma lækni- og erfðafræðilegar rannsóknir í þessu skyni.

Stjórn LÍ sendir hér með niðurstöður stjórnar Siðfræðiráðs félagsins og gerir tillögur og athugasemdir ráðsins að sínum, sbr. þó næstu málsgrein hér á undan.

Frumvarp það sem nefnt er í bréfi Siðfræðiráðs verður kynnt menntamálaráðherra á næstunni.

Virðingarfyllst


Páll Þórðarson
framkv.stj.

Stjórn Siðfræðiráðs Læknafélags Íslands

3. mars 1995

Stjórn Læknafélags Íslands
Hlíðarsmára 8
200 KÓPAVOGUR

Með bréfi dagsettu 11.1.1995 vísaði stjórn Læknafélags Íslands til stjórnar Siðfræðiráðs Læknafélags Íslands, frumvarpi til laga um tæknifrjóvgun, útgáfu A og B.

Stjórn Siðfræðiráðsins hefur fundað um málið á nokkrum fundum og farið í gegnum frumvarpið lið fyrir lið og einnig hefur ráðið kynnt sér greinargerðir sem fylgdu.

Í byrjun tók ráðið afstöðu til þess hvort fremur ætti að fjalla um útgáfu A eða útgáfu B á frumvarpinu. Eftir nokkrar umræður leggur ráðið til að eggfrumugjöf verði leyfð (útg.B). Rökin fyrir þeirri afstöðu eru þau að ráðinu finnst eðlilegt að heimila bæði sæðisgjöf og eggfrumugjöf því þannig verður væntanlegum foreldrum ekki mismunað eftir því hvort þeirra á við skerta frjósemi að stríða. Einnig er ljóst að íslenskar konur geta sótt þessa meðferð til annarra landa og þannig geta aðstæður og mismunandi efnahagur mismunað fólki meir en ástæða er til. Þessi sömu rök koma einnig fram í greinargerð frumvarpsins. Eins og þar kemur einnig fram er enn erfitt að flytja inn eggfrumur vegna þess að frýsting þeirra er tæknilega mjög erfið. Því þarf að fá gjafaeggfrumur innanlands. Íslenskt fámenni getur því hugsanlega skapað vandamál og því leggur ráðið þunga áherslu á það að við eggfrumugjöf og reyndar einnig við sæðisgjöf verði nafnleynd virt.

Stjórn Siðfræðiráðs bendir á að kringumstæður við eggfrumugjöf eru þannig að erfiðara getur verið að tryggja nafnleynd en við sæðisgjöf. Einnig getur fámennið hér aukið líkurnar á giftingu einstaklinga sem eru náskyldir — án þess að þeir viti af því.

Hér á eftir fara athugasemdir ráðsins við einstakar greinar frumvarpsins.

- 1.gr. Ráðið gerir athugasemdir við skilgreininguna á tæknisæðingu. Orðunum „eða nærri“ virðist vera ofaukið hér.

Í sambandi við skilgreininguna á fósturvísi þyrfti að koma fram ákveðin skilgreining á orðinu „fósturstig“.

- 2.gr. Ráðið gerir athugasemdir við að eingöngu sérfræðingur í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp geti haft eftirlit með tæknifrjóvgun. Mögulegt er að með vaxandi sérhæfingu þá verði læknir sá sem sérhæfir sig í tæknifrjóvgun, ekki endilega sérfræðingur í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp. Ráðið leggur til að í stað orðanna „sérfræðinga í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp“ komi „sérhæfðra lækna“.

- 3.gr. Í þessari grein og reyndar víðar í frumvarpinu kemur oft fram orðið „þar“. Ráðinu finnst eðlilegast að í stað þess orðs sé betur lýsandi að tala um „væntanlega foreldra“.

Í umræðum um 3.gr. kom fram sú skoðun innan ráðsins að með breytingum á réttindum samkynhneigðra þá sé líklegt að á næstu árum komi fram aukinn þrýstingur frá þeim að geta gengist undir slíka meðferð.

Síðar í frumvarpinu er fjallað um meðferð á kærum og sér ráðið ekki ástæðu til að orðið „tafarlaust“ sé inni í lögnum. Eðli málsins samkvæmt hlýtur landlæknir að senda kærana án óeðlilegra tafa til hinnar sérstöku nefndar, en ástæðulaust að tilgreina það beinlínis í lögnum. Einnig kom fram spurning um það hvaða ráðherra skipaði umrædda kærunefnd. Ráðið hafði nokkrar athugasemdir um skipan nefndarinnar. Komu fram tvö sjónarmið. Annars vegar að eðlilegt væri að nokkrar deildir Háskóla Íslands, þ.e. læknadeild, lagadeild og heilmspekideild, skipuðu sinn hvern fulltrúann. Hins vegar kom fram að í nefndinni væru einn lögfræðingur og tveir læknar, félagsráðgjafa væri ofaukið, ekki síst vegna þess að ráðið getur leitað umsagnar barnaverndarnefndar um félagslegar aðstæður væntanlegra foreldra. Einnig kom fram athugasemd um að óeðlilegt væri að ákvörðun nefndarinnar væri endanleg.

- 4.gr. Engar athugasemdir utan þess sem fram kemur áður um notkun á orðinu „þar“.
- 5.gr. Engar athugasemdir.
- 6.gr. Einn meðlima ráðsins hafði uppi efasemdir um að gjöf fósturvísa skyldi óheimil. Málið ekki útrætt í ráðinu.
- 7.gr. Engar athugasemdir.
- 8.gr. Athugasemdir komu fram við lið B, en þar er fjallað um gjöf kynfruma í rannsóknarskyni. Athugasemdir komu um að þetta væri mjög óljóst orðalag og umdeilanlegt hvers konar rannsóknir er verið að tala um?
- 9.gr. Engar athugasemdir.
- 10.gr. Hér er fjallað um hve lengi má geyma kynfrumur og fósturvísa og þótti meðlimum ráðsins eðlilegt að í lögunum væri ákvæði um ákveðinn hámarksgeymslutíma. Til dæmis 15 ár (eða skemur). Frekari ákvæði væru þó í þeim reglum sem ráðherra setur.

Lagt er til að rannsóknum á fósturvísu verði skipt í **þjónusturannsóknir** og **visindarannsóknir**. Stjórnin leggur því til að fyrirsögn sem elgi við greinar 11-13 verði: **Þjónustu- og visindarannsóknir á fósturvísu**.

- 11.gr. hljóði svo:
Þjónusturannsóknir eru þær rannsóknir sem nauðsynlegt er að gera til að tæknifrjógungun geti farið fram. Með þjónusturannsóknnum er átt við rannsóknir á fósturvísu. Þjónusturannsóknir eru leyfðar:
- Ef þær eru liður í glasafirjógungunarmeðferð.
 - Ef þeim er ætlað að greina arfgenga sjúkdóma í fósturvísunum sjálfum.

Inn komi ný 12.gr. sem hljóði svo:

Visindarannsóknir eru þær rannsóknir sem gerðar eru til að afla nýrrar þekkingar á tæknifrjógungun. Með visindarannsóknnum er m.a. átt við rannsóknir:


- Sem miða að framförum í meðferð vegna ófrjósemi.
- Sem ætlaðar eru til aukins skilnings á orsökum meðfæddra sjúkdóma og fósturláta.


Visindarannsóknir má ekki framkvæma nema með leyfi viðeigandi visindasiðanefndar.

Hér er vísað til tillögu um frumvarp til laga um rannsóknir á sviði líffræði og læknisfræði, sem unnið var á vegum Visindasiðanefndar Læknafélags Íslands í samvinnu við stjórn félagsins og stjórn Siðfræðiráðs Læknafélags Íslands.

Með þessum breytingum verður 12.gr. frumvarpsins að 13.gr. og númer annarra greina breytist til samræmis.

Með kveðju,
F.h. stjórnar Siðfræðiráðs LÍ,


Tómas Zoëga, fornaður


Páll Þórðarson, ritari ráðsins